

Vinnslustöðin hf
Hafnargötu 2
900 Vestmannaeyjar

Egilsstaðir, 28.8.2023
UST202301-269/F.Æ.
08.10.02

Efni: Þykktarmælingar á lýsis- og olíugeymum -Vinnslustöðin hf.

Umhverfisstofnun barst þann 10. júlí sl. þykktarmælingar á lýsisgeymi Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Geymirinn hefur númerið L2.

Þykktarmælingar framkvæmdi Þröstur Jóhannsson hjá Skipalyftunni ehf þann 4. júlí 2023. Notaður var Ultrasonic þykktarmælir í eigu Skipalyftunnar ehf.

Fram kemur í skýrslu Skipalyftunnar að geymir sé vel þrifinn, ómálaður. Lítið af þynningum var á gólfi tankans, ekkert sjáanlegt sem þurfti að mæla sérstaklega. Gerðar voru 19 mælingar á botni tankans sem reyndist vera 5,6 – 6,4 mm á þykkt. Einnig var neðsti hringur á tankanum mældur og reyndist hann vera 9,6 – 9,7 mm á þykkt.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson
Sérfræðingur